

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	Félagssálfræði (SÁLF3FR05) fjarnám Námsáætlun (Vorönn, 2018)	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3		

Kennari	Kristjana Pálsdóttir	Sk.st.	KPÁ
----------------	----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Fjallað er um félagssálfræði og helstu viðfangsefni hennar, m.a. staðalmyndir, fordóma, viðhorf, aðdráttarafi o.fl. Jafnframt er fjallað um áhrif félagslegs umhverfis á hegðun, t.d. á hegðun stórra hópa, hjálpsemi og hlýðni við yfirvöld. Auk umfjöllunar um viðfangsefni félagssálfræði er fjallað um persónuleikasálfræði og það sem helst er vítað um einstaklingsmun. Áhersla er lögð á þjálfun vinnubragða hvað varðar sálfræðilegar rannsóknir og að nemendur geti sett niðurstöður rannsókna fram með skipulegum hætti í rannsóknarskýrslu.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu hugtökum og kenningum sálfræði sem tengjast einstaklingsmun og persónueinkennum
- mótun og breytingu viðhorfa
- staðalmyndum og fordómum
- áhrifum félagslegra aðstæðna á hegðun, s.s. hjálpsemi og hlýðni
- framkvæmd sálfræðilegra rannsókna og skipulegri framsetningu niðurstaðna

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita skapandi hugsun við lausnamiðað nám
- vinna úr niðurstöðum sem aflað er með rannsókn
- setja niðurstöður tilrauna og rannsókna fram með skipulegum hætti í skýrslu

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- afla upplýsinga, leggja mat á þær, greina og setja í samhengi
- nýta fræðilegan texta á íslensku og á erlendu tungumáli
- afla gagna með því að framkvæma rannsókn
- skipuleggja og framkvæma rannsóknir
- setja niðurstöður rannsókna fram með skýrum og skipulegum hætti

Námsgögn:

Efni frá kennara sem verður gert aðgengilegt á vef áfangans. Notast verður við kennsluvef Innu í þessum áfanga.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	Félagssálfræði (SÁLF3FR05) fjarnám Námsáætlun (Vorönn, 2018)	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		

Áætlun um yfirferð:

Lota	Vika	Dagsetning	Umfjöllun	Verkefnaskil/námsmat
1	4	22. - 28. janúar	Kynning á áfanga. Persónuleikakenningar	
	5	29. jan -4. febrúar	Mælingar á persónuleika	Verkefni 1 - skila 29. febrúar
2	6	5. febrúar - 11. febrúar	Félagshugsun	Verkefni 2 - skila 5. febrúar
	7	12. - 18. febrúar	Félagshugsun	Verkefni 3 - skila 12. febrúar
3	8	19. - 25. febrúar	Neysluhegðun	Verkefni 4 - skila 19. febrúar
	9	26. feb - 4. mars	Neysluhegðun	Verkefni 5 - skila 26. febrúar
4	10	5. - 11. mars	Félags og hóphegðun	Verkefni 6 - skila 5. mars
	11	12. - 18. mars	Félags og hóphegðun	Verkefni 7 - skila 12. mars
5	12	19. - 25. mars	Samskipti hópa	Verkefni 8 - skila 19. mars Verkefni 9 - skila 25. mars
	13	26. mars - 1. apríl	Páskafri	
	14	2. - 8. apríl	Páskafri til og með 3. apríl. Samskipti hópa framhald.	
	15	9 - 15. apríl	Fordómar og mismunun	Verkefni 10 - skila 15. apríl
6	16	16. -22. apríl	Samskipti einstaklinga	Verkefni 11 - skila 22. apríl
	17	23. - 29. apríl	Samskipti einstaklinga	Verkefni 12 - skila 29. apríl

Í upphafi hverra námslotu leggur kennari fram nánari útlistun á viðfangsefni.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	Félagssálfræði (SÁLF3FR05) fjarnám Námsáætlun (Vorönn, 2018)
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 3 af 3		

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Vikuleg verkefnaskil	Vikuleg verkefnaskil. Nemandi vinnur vikuleg smáverkefni sem gilda 5% hvert. Þau eru af ýmsu tagi, praxisverkefni, Innuverkefni eða önnur skrifleg verkefni. Verkefnin eru birt viku fyrir skiladag og hafa nemendur viku til þess að vinna að hverju þeirra.		60%
Lokapróf	Lokapróf úr öllu efni áfangans.		40%
	Samtals:		100%
<p>Annað: Nemandi skal standast skil á öllum námsmatsþáttum til þess að fá lokaeinkunn í áfanganum. Virða skal skiladaga verkefna. Ef upp koma aðstæður sem hafa áhrif á verkefnaskil skal nemandi hafa samband við kennara.</p> <p>Námsvefur Innu verður nýttur til þess að halda utan um kennslugögn, einkunnir, verkefnalýsingar og annað sem viðkemur áfanganum. Þá þarf nemandi að ná 4 í einkunn á lokaprófi til þess að verkefni gildi til einkunnar.</p>			

Áætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:

18. jan 2018


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

